

Ágætu félagsmenn,

Á fésbókarsíðu félagsins „Snarfarafélagar“ eru nú 99 manns. Þar má finna ferðasögur félagsmanna í máli og myndum, tilkynningar og fréttir úr starfseminni og annað skemmtilegt. Síðan hefur verið mjög virk og lifandi í sumar. Félagsmenn sem enn hafa ekki skráð sig á síðuna eru hvattir til að gera það núna. Heimasíða okkar Snarfari.is er upplýsinga- og fréttasíða. Þar má finna lög félagsins og hafnar- og svæðisreglur sem félagsmenn eru hvattir til að kynna sér. Þar má einnig finna [viðburðarskrá](#) fyrri [fréttabréf](#), tilkynningar, myndasíðu og fleira eins og viðveru [starfsmanns](#). Í þessu fréttabréfi ætlum við að stikla á stóru um helstu verkefni framundan auk annarra fréttu. Góðar stundir.

F.h. Stjórnar, Pétur Ó. Einarsson, formaður



Hlið: Búið er að staðfesta að hliðið kemur til okkar nú í fyrstu viku ágústmánaðar. Verið er að bíða eftir bílaskynjara sem kemur líklega um miðjan mánuðinn. Þá verður hafist handa við að koma hliðinu á sinn stað. Um er að ræða nokkuð umfangsmikið verkefni og verður kallað eftir sjálfbóðaliðum til að aðstoða við það ef einhverjir fást. Nánast er öruggt að steypa þarf nýjar undirstöður á nýjum stað og koma þarf streng úr hliði inn í félagsheimili (skera malbik) en þar verður stjórnstöðin staðsett. Hliðið er 6 metra langt sem þýðir að það tekur á sig mikinn vind þegar það er uppi. Það er vandamál sem þarf að leysa og til nokkrar útfærslur.



Útstoðir á B og C bryggju. Sigvaldi Pétursson sem er staddur í Hollandi þegar þetta er skrifað og er að taka út bátalyftu félagsins, gekk frá kaupum á samsvarandi búnaði og er á A-bryggju fyrir á árinu. Hann mun klára verkefnið með öðrum góðum félagsmönnum nú í ágúst/sept. Sigvaldi hefur unnið geisimikið og gott starf fyrir félagið að undanförunu í sjálfbóðavinnu og á miklar þakkir skilið fyrir sitt framlag til félagsins.



Fréttir af bátalyftu



Ingvi og Sigvaldi (sá nær fljótinu) eru komnir til Hollands til að taka út og fá þjálfun á bátalyftuna. Gærdagurinn var notaður til að hlaða batteríin eftir langt og strangt ferðalag (eins og sjá má) en í dag á útgáfudegi þessa fréttabréfs 1.ágúst er svo þjálfunar- og úttektardagur. Heim svo snemma miðvikudaginn 2.ágúst. Ingvi tekur svo að sér kennslu á tækið hér heima. Hrikalega flottir þessir strákar. Takk frá okkur hinum sem heima sitjum. Ykkar skál!

Líklega kemur þó lyftan ekki fyrr en í byrjun sept.



Félagsmenn Snarfara hafa nú fengið sitt eigið ból í Elliðaey í Breiðafirði (tvö ból). Þegar er búið að vígja bólin og þau sannað ágæti sitt. Guðbergur á Evrunni sem átti frumkvæði af þessu, Guðmundi á Hafdísinni, Tómas á Sæperlunni og öðru góðu fólki sem tók þátt er þakkað kærlega fyrir sinn þátt í að koma þessu fyrir.

Hér er svo nokkrar glæsilegar myndir. Efst er mynd sem Einar Björn á „Þórshafnarbátnum“ tók fyrir stuttu og fyrir neðan mynd af „tvíbytnu“ Tómasar og svo Bavariu Guðmundar Gestssonar „Hafdísinni“ .



Árabátar í Snarfara og námskeið í plöstun!? Það er skoðun formanns og hefur lengi verið að það vanti árabáta í félagið! Vogurinn austan og vestan megin við okkur tilvalin er fyrir að róa bát og út á sundin ef veður er gott. Fátt skemmtilegra.

Þeir eru ekki margir til eins og sá sem sést á þessari mynd -þessi var smíðaður á Akureyri og afhentur til brúks árið 1976. Báturinn er nær ónýtur af notkunarleysi og gisin og gapandi rifur við hvert borð. Þetta er lítill tvíæringur og geisilega skemmtilegur og stöðugur árabátur. Hvað um það -



við erum nokkrir að velta fyrir okkur ef við fengjum þennan bát til eignar að búa til trefjaplasmót úr honum fengist til þess leyfi. Í framhaldi að halda námskeið í vetur í skemmum okkar í meðferð trefjaplats á vegum Snarfara. Kostar þá (x?) kr. námskeiðið. Markmið væri þá að smíða mót af þessum bát eða öðrum og amk einn bát sem Snarfari ætti. Þátttakendur í námskeiðinu hefðu forgang að notkun hans, hann væri geymdur í Snarfara en leigður út til annarra. Síðan væri hægt að hafa fleiri námskeið/smíða fleiri, leigja út mótið eða hvað veit ég. Þetta er amk grunnhugmyndin en þarf að skoða betur. Áhugasamir mættu gjarnan hafa samband við formann án nokkurrar skuldbindingar.

Ljós í höfnina. Led ljós verða sett í hafnargarðinn núna í ágúst (6 stk *20w). Þar fer saman Öryggissjónarmið og getur einnig verið til prýði.

Skemmd á bát. Óviljaverk, vonandi frekar en skemmdarverk var unnið á bát hér á malarplani austan megin í síðustu viku. Nýbúið var búið að mála bátinn og stóð hann rétt sunnan megin við innaksturshliðið. Búið er að mála (lakk) svarbláa rönd á hlið bátsins. Við munum skoða myndavélaupptökur nú í vikunni en þær eru stilltar hreyfiskynjara. Sé um óviljaverk að ræða og viðkomandi vissi ekki hver á bátinn og gat því ekki látið vita en les þetta nú, getur sá hinn sami haft samband við einhvern úr stjórn félagsins.



Rvk. 01.08.2017

Pétur Ó. Einarsson, formaður Snarfara